



## Svar við skriflegri fyrirspurn stjórnsluhindranahóps Norðurlandaráðs um verðmætaflutninga yfir landamæri

Stjórnsluhindranahópur Norðurlandaráðs lagði fram eftirfarandi spurningar:

Hvenær reiknar ráðherra með því að þessi stjórnsluhindrun verði afgreidd sem afskrifuð?

Getur ráðherrann gefið stjórnsluhindranahópi Norðurlandaráðs uppfærðar upplýsingar um framgang vinnunnar að þessari stjórnsluhindrun frá árinu 2017?

Verðmætaflutningar yfir landamæri hafa verið til umræðu um nokkurra ára skeið. Meðal annars hefur verið unnið að málinu með ýmsum samskiptum embættismanna sænska stjórnarráðsins og stjórnsluhindranaráðs Norrænu ráðherranefndarinnar. Síðustu samskiptin voru í febrúar 2024. Einnig má nefna að finnsku og sænsku ráðherrarnir hafa rætt málið tvíhliða við ýmis tilefni.

Ríkisstjórninni er mikið í mun að draga úr stjórnsluhindrunum á Norðurlöndum. Sænsk lög um öryggisfyrirtæki byggja á því að gera þurfi sérstaklega miklar kröfur til fyrirtækja sem sinna öryggisgæslu við verðmætaflutninga. Þessar miklu kröfur eru meðal annars gerðar til tæknilegs búnaðar sem getur komið í veg fyrir eða í það minnsta lágmarkað hættu á ráni. Samkvæmt sænskum lögum þurfa öryggisfyrirtæki sem vilja sinna öryggisgæslu við verðmætaflutninga í Svíþjóð að fá leyfi (starfsleyfi). Í reglugerðum lögregluvalda segir enn fremur að öryggisverðir sem sinna verðmætaflutningum í Svíþjóð skuli gangast undir sérstaka þjálfun auk

grunnþjálfunar í öryggisvörslu og gerðar eru kröfur um tiltekinn búnað í tengslum við verðmætaflutninga í Svíþjóð. Öryggisfyrirtæki sem hafa aðsetur utan Svíþjóðar geta einnig sótt um leyfi til að sinna verðmætaflutningum í Svíþjóð. Lénisfyrirvöld Stokkhólmssvæðisins fara yfir slíkar umsóknir. Hafi öryggisverðir fyrirtækisins menntað sig í öðru ESB-ríki en Svíþjóð geta þeir fengið starfsréttindi sín viðurkennd af lénisfyrirvöldum Stokkhólmssvæðisins.

Finnsk öryggisfyrirtæki, þar á meðal fyrirtækið sem nefnt er í bréfi ykkar, geta því sótt um starfsleyfi. Ríkisstjórninni er ekki kunnugt um að umsókn erlends fyrirtækis um starfsleyfi hafi verið synjað.

Ríkisstjórnin lítur jákvæðum augum á öryggisstig vermætaflutninga. Því er sem stendur ekki tilefni til þess að breyta sænska regluverkinu.

Það er því ekki hægt að verða við óskum stjórnsýsluhindranaráðsins um aðgerðir.

Með góðri kveðju,

Gunnar Strömmer